

Nesfréttir



FEBRÚAR 2019 • 2. TBL. • 32. ÁRG. • www.borgarblod.is

**HÁDEGIS-
TILBOÐ**

→ Lítil pizza af matseðli
→ 0,5 lítra gos

→ Pizza af matseðli, miðstærð
→ 0,5 lítra gos

1.000 KR. **1.500 KR.**

Gildir alla daga frá 11–16 ef þú sækir



**20.000 KR.
Í HVELLI!**

**FINNUR
ÞÚ?**

Þú gætir unnið 20.000 kr.
í einum hveli!

**HAPPA
PRENNAN**
Skemmtilegt að skaf!

Safnanótt á Nesinu

Bókasafn Seltjarnarnes fylltist af fólki á safnanótt og börnin létu sitt ekki eftir liggja. Margt var gert til skemmtunar. Eins og sjá má á myndinni ríkti glaðværð í barnahópnum. Foreldrar og forráðamenn barnanna fylgdust með af áhuga. Safnanótt er hluti af vetrarhátíð höfuðborgarsvæðisins.

Sjá frétt og fleiri myndir á bls. 2.



Opið
8-24
alla daga
Á EIDISTORGI
HAGKAUP

- Viðtal við
Óla Björn Kárason
alþingismann
- bls. 8-9



Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík  Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

ÓKEYPIS
GREIÐSLUMAT
Á NETINU



HÚSNÆÐISÞJÓNUSTA
ÍSLANDBANKA

Netgreiðslumat Íslandsbanka
er endurgjaldslaust til ársloka



Nesfréttir

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMADUR: Kristján Jóhannsson

BLAÐAMADUR: Þórður Ingimarsson UMBROT: Valur Kristjánsson

NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Leikskóli og miðbæjarskipulag

Seltjarnarnesbær eða öllu heldur Leikskóli Seltjarnarness hlaut orðsporið að þessu sinni. Orðsporið er verðlaunin sem veitt eru fyrir að skara fram úr við að efla orðspor leikskólastarfs í landinu.

Ýmsar umbætur hafa orðið á leikskólastarfi á Seltjarnarnesi að undanfögnu. Má þar nefnda lengdan undirbúningstíma kennara, fasta viðbótargreiðslu á laun starfsfólks auk fleiri hlunninda og stuðning til náms.

Áliðnu hausti var aðstaða til leikskólastarfs bætt til bráðabirgða og Áunnið er að langtíma lausn með byggingu nýs leikskóla á núverandi leikskólasvæði.

Hugmyndir um íbúðabyggð á gamla ráðhússreitnum eins og leikskólareiturinn var áður kallaður kom fram í tillögu um skipulag miðbæjar á Seltjarnarnesi en var fljótlega sleginn af.

Miðbæjarskipulagið var þó ekki tekið alveg af dagskrá. Þann 3. október síðastliðinn vísaði bæjarstjórn tillögu að stofnun verkefnahóps um gerð nýs miðbæjarskipulags til skipulags- og umferðarnefndar sem situr með það án niðurstöðu.

Engu að síðu er komin tími til þess að vinna áfram að því máli. Aldrei hefur tekist að forma miðbæinn við Eiðistorgið nægilega vel. Ljóst má þó vera að slíkt má gera án óheyrilegs tilkostnaðar og skapa skemmtilega miðbæjarstemningu á Nesinu.

Krafturinn við umbætur á leikskólastarfinu sýna að ýmislegt má gera þegar vilji er fyrir hendi. Er nýtt miðbæjarskipulag ekki næsta verkefni í þá veru.

Mikil stemning og fjölmenni á Safnanótt



Það er óhætt að segja að stemningin hafi verið frábær á Safnanótt í Bókasafni Seltjarnarness föstudaginn 8. febrúar sl. Vel á þriðja hundrað gestir mættu og tóku þátt í metnaðarfullri og dagskrá sem stóð yfir fram á kvöld. Safnanótt er hluti af Vetrarhátíð höfuðborgarsvæðisins.

Af mörgu var að taka í þéttri og skemmtilegri dagskrá auk þess sem boðið var í pylsupartý svo enginn varð svangur. VÍSINDA-Villi hóf fjörið og gerði tilraunir úr bókunum sínum og spjallaði við krakkana um vísindi og mikilvægi þess að vera forvitinn. Hressir krakkar úr Való þau Arna Diljá, Auður Halla, Daníel, Jenný og Júlía sungu lög úr 1. Des söngleiknum þeirra „Með allt á hreinu“ auk þess sem Jenný Guðmundsdóttir söng aukalega tvö lög.

Hljómsveitin „Skelin Dion“ sem æfir í Skelinni, Ungmennahúsi Seltjarnarness heillaði áhorfendur með góðri spilamennsku og léttri framkomu. Lopabandið, skipuð 7 kennurum úr Tónlistarskólanum flutti nokkur eldhress dixie-lög við góðar undirtektir gesta. BINGÓ var spilað í þrjúgang um kvöldið þar sem spilað var um fjölda góðra vinninga í boði og var mikil spennan í loftinu í hverri umferð. Einnig var skemmtilegt föndur, VÍSINDA-bíó, VÍSINDA-rattleikur, VÍSINDA-getraun og VÍSINDA-bíó í boði allan tímann og dregið um góða vinninga.

Soffía Sæmundsdóttir tók á móti gestum á sýningu sína Órætt landslag í Gallerí Gróttu og myndlistarsýningar leikskólanna á Nesinu voru til sýnis á safninu. Óhætt er að segja að gestir skemmtu sér afar vel eins og glögg má sjá á meðfylgjandi myndum.



 HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



 Finndu okkur á Facebook




DAGSKRÁ MARS 2019



Gallerí Gróttu

Rósa Sigrún Jónsdóttir

Sýnir verk sín í Gallerí Gróttu á sýningunni **Strúktúr**.
Sýningunni lýkur 31. mars.



4. mars kl. 20

SelGARNanes og nágrenni

Hannyrðafólk hittist og á saman notalega stund við handavinnu, hjálpar hvert öðru og deilir hugmyndum. Nánar á FB-síðu hópsins: **SelGARNanes og nágrenni**



5. mars kl. 16–18

SPRENGIDAGUR Við saumum ÖSKUPOKA fyrir ÖSKUDAGINN

Snillingar í öskupokagerð verða á safninu og bjóða gestum að gera sína eigin öskupoka.



5. mars kl. 19.30

BÓKMENNTAKVÖLD með Hallgrími Helgasyni

Hallgrímur les upp úr og fjallar um bók sína *Sextíu kíló af sólskini* en fyrir hana hlaut hann Íslensku bókmenntaverðlaunin 2018.



6. mars / ÖSKUDAGUR

Komdu fagnandi!

Við tökum vel á móti öllum ungum gestum á safnið, hlustum á búningaklæddar verur syngja og verðlaunum alla með góðgæti.



6. mars kl. 17.30

Sögustund fyrir yngstu börnin

Lesin verður sagan *Nanna og miðnæturdrekinn* eftir Valerie Thomas og Korkey Paul.



7. mars kl. 17.30

TÓNSTAFIR

Hljómsveitin **Bagdad Brothers** spila og er tónlistin einhvers konar poppræðingur með áhrifum héðan og þaðan. Allir velkomnir.



11. mars kl. 17.30–18.30

SJÁLFSSTYRKING STRÁKA með Bjarna Fritzsyni

Fyrirlestur um eflingu sjálfsmyndar, sjálfstrausts og frumkvæðis stráka og er í léttu námskeiðsformi sem Bjarni byggir á bókunum sínum **Strákar** og **Öflugir strákar**. Hvetjum foreldra og syni til að mæta saman!



16. mars kl. 11–12

Lesið fyrir hund – Vigdís Vinir gæludýra á Íslandi

Börnum er boðið að heimsækja safnið og lesa sér til ánægju fyrir hunda sem eru sérstaklega þjálfaðir til að hlusta á börn lesa. Sex börn komast að í hvert skipti. Skráning á sigrídur.gunnarsdottir@seltjarnarnes.is



Erðu ekki örugglega á póstlistanum?

Skráðu þig á Bókasafni Seltjarnarness eða sendu póst á bokasafn@seltjarnarnes.is og við setjum þig á listann.

Opnunartími:
Mán. - fim. 10-19 og fös. 10-17. Lau. 11-14

Eiðistorgi 11, 170 Seltjarnarnes, Sími: 5959-170, Netfang: bokasafn@seltjarnarnes.is



**Bókasafn
Seltjarnarness**

Hjúkrunarheimilið Seltjörn vígt

- Mun taka til starfa um 20. mars

Seltjörn nýtt hjúkrunarheimilið á Seltjarnarnesi var formlega vígt laugardaginn 2. febrúar sl. Mikið fjölmenni var viðstatt vígsluathöfn hjúkrunarheimilisins í köldu en dásamlega fallegu veðri. Boðið var upp á hátíðardagskrá auk þess sem öllum gestum gafst tækifæri til að skoða þetta glæsilega húsnæði og njóta veitinga.

Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri og Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra héldu hátíðarávörp og klipptu á borða. Björn Guðbrandsson arkitekt hússins sagði frá hönnun þess og Jón Ingi fulltrúi Munck Íslandi sem önnuðust byggingu hússins afhenti Ásgerði bæjarstjóra lyklna. Ásgerður afhenti lyklna þá til Svandísar ráðherra heilbrigðismála sem afhenti þá að lokum til Kristjáns Sigurðssonar forstjóra Vigdísarholts sem er rekstraráðili hjúkrunarheimilisins. Í ávarpi sínu upplýsti Kristján um að ráðgert væri að



Merki hjúkrunarheimilisins var hannað af Seltirningnum Elsu Nielsen.

hefja rekstur hjúkrunarheimilisins í kringum 20. mars nk. að því gefnu að mönnun gangi vel.

Sr. Bjarni Þór Bjarnason blessaði hjúkrunarheimilið og tónlistarmennirnir Ari Bragi Kárasón, bæjarlistamaður Seltjarnarness

2014, Eypór Gunnarsson úr Mezzoforte og Jóhann Helgason, bæjarlistamaður Seltjarnarness 2007 fluttu tónlistaratriði. Veittar voru viðurkenningar til vinningshafa nafnasamkeppninnar auk þess sem nokkrum aðilum voru þakkaðar góðar gjafir sem þeir höfðu gefið hjúkrunarheimilinu. Við athöfnina var heiti hjúkrunarheimilisins opinberað í fyrsta sinn ásamt

merki heimilisins sem Elsa Nielsen hannaði. Haldin var hugmyndasamkeppni um nafn á hjúkrunarheimilið. Alls bárust um 140 sendingar með um 90 ólíkum nöfnum. Fimm aðilar sendu inn vinningstillöguna eða þau Guðrún Daníelsdóttir, Jón Tryggvi Sveinsson, Ólafur Egilsson, Ragnhildur B. Guðjónsdóttir og Valgerður Anna Þórisdóttir.



Mikið fjölmenni var viðstatt vígsluathöfn hjúkrunarheimilisins.



Ásgerður bæjarstjóri og Svandís heilbrigðisráðherra glaðar í bragði á þeim ánægjulegu tímamótum þegar hjúkrunarheimilið SELTJÖRN var vígt laugardaginn 2. febrúar 2019.



Glæsileg húsakynni hjúkrunarheimilisins.



KOMDU MEÐ BÍLINN
Í TJÓNASKOÐUN

Vottað réttinga- og málingarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málingarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgeði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Stýðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



Tjónaskoðun

Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatið sem sent er til tryggingafélaga.



Rétting og máling

Við vinnum eftir stöðlum framleiðenda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst trústu kröfur.



Framrúðuskipti

Skiptum um framrúður og önnumst annars konar rúðuskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt limdar rúður sem og aðrar, ásamt glerheinsun á bíl.



Smáviðgerðir

Samhliða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slitflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.



Dragháls 6-8
110 Reykjavík
sími 567 0690
netfang tjon@tjon.is
www.tjon.is



Ólöf Guðfinnsdóttir og Guðmundur Ásgeirsson á afhendingardegi hjúkrunarheimilisins.

Ólöf og Guðmundur gáfu öll rúm til nýja hjúkrunarheimilisins

Hjónin Ólöf Guðfinnsdóttir og Guðmundur Ásgeirsson fyrrverandi framkvæmdastjóri Nesskips, gáfu öll rúmin til Seltjarnar, hins nýja hjúkrunarheimilis sem vígt var á Seltjarnarnesi í byrjun mánaðarins.

Guðmundur lét lítið yfir þessu í samtali við Morgunblaði á dögunum en segir að því hafi verið mjög vel tekið. Þau hafi verið búin að ræða um hvort þau ættum að leggja þessu lið og niðurstaðan orðið sú að skemmtilegra væri að gefa eitthvað áþreifanlegt í staðinn fyrir að gefa bara peninga. Fyrst vorum við að íhuga að gefa helminginn af rúmunum en sáum fljótt að það gengi ekki að hafa tvær gerðir af rúmunum. Þetta hafi því endað með því að kaupa öll rúmin og náttborðin.

við hreinsum fyrir þig

Alhliða fatahreinsun og þvottahús síðan 1966

HRADÍ fatahreinsun
Ægisíðu 115 - Sími 552 4900
hradi@fatahreinsun.is
www.fatahreinsun.is



SUMARSTÖRF HJÁ SELTJARNARNESBÆ 2019

Seltjarnarnesbær vill ráða ungt fólk til sumarstarfa 18 ára og eldri (fædd 2001 og eldri). Um er að ræða almenn garðyrkjustörf, verkamannastörf, skapandi sumarstörf og ýmis afleysingastörf. Einnig er auglýst eftir ungmönnum 20 ára og eldri (1999 og eldri) í störf yfirflokkestjóra, flokkstjóra og leiðbeinenda.

Skilyrði fyrir ráðningu er að eiga lögheimili á Seltjarnarnesi.

Sækja skal um störfina á heimasíðu Seltjarnarnesbæjar, www.seltjarnarnes.is – Störf í boði.

Umsóknarfrestur er til 7. apríl 2019

VINNUSKÓLI 8. – 10. BEKKUR OG 17 ÁRA F. 2002

Vinnutími Vinnuskóla verða 7 stundir á dag, 4 daga vikunnar fyrir umsækjendur sem fæddir eru 2002 og 2003.

Vinnutími verða 3,5 stundir á dag, 4 daga vikunnar fyrir umsækjendur sem fæddir eru 2004 og 2005. Ekki er unnið á föstudögum. Vinnutímabil Vinnuskólans er frá 12. júní til 25. júlí.

Umsóknarfrestur er til 5. maí 2019

Vinnuskólinn verður settur 11. júní kl. 11:00 í Valhúsaskóla

Sótt er um störfina á heimasíðu Seltjarnarnesbæjar, www.seltjarnarnes.is. – Störf í boði.
Nánari upplýsingar eru á heimasíðu og í þjónustuveri Seltjarnarnesbæjar í síma 5959 100.

Seltjarnarnesbær hlýtur Orðsporið 2019



Á myndinni eru Sonja Jónasdóttir verkefnastjóri, Margrét Gísladóttir aðstoðarleikskólustjóri, Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri, Baldur Pálsson fræðslustjóri og Soffía Guðmundsdóttir leikskólustjóri.

Seltjarnarnesbær hlýtur hvatningarverðlaunin Orðsporið 2019. Verðlaunin eru veitt fyrir að skarar fram úr við efla orðspor leikskólastarfs í landinu og hafa unnið ótulllega í þágu leikskóla og leikskólakarna en einnig að bæta starfsaðstæður og starfskjör leikskólakennara umfram kjarasamning. Orðsporið er veitt á Degi leikskólans, 6. febrúar ár hvert. Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri tók við Orðsporinu úr hendi Lilju Alfreðsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra við hátíðlega athöfn í Leikskólanum Brákarborg.

Skólamálanefnd Félags leikskólakennara gerði nýverið könnun meðal allra sveitarfélaga landsins þar sem spurt var um atriði á borð við aukinn undirbúningstíma, tölvukost, styttingu vinnuviku, rými barna og ýmis hlunnindi. Fram kom í niðurstöðum könnunarinnar að á Seltjarnarnesi hefur undirbúningstími leikskólakennara verið aukinn, tölvukostur er í góðu lagi, starfsfólki hefur verið fjölgað, föst viðbótargreiðsla er greidd mánaðarlega og leikskólakennarar njóta hlunninda á borð við samgöngustyrk, líkamsræktarstyrk, þeir fá frítt í sund og frítt bókasafnskort. Þá er unnið að styttingu vinnuvikunnar á Seltjarnarnesi. Þess má að auki geta að Seltjarnarnesbær hefur einnig veitt starfsfólki

leikskólans stuðning til náms með starfi og að í vor útskrifast sjö starfsmenn skólans með meistara-gráðu í leikskólakennarafræðum frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands, en sex þeirra hafa stundað þar nám með stuðningi bæjarins.

Í tilefni dagsins var mikið um að vera í Leikskóla Seltjarnarness. Verk leikskólakarna eru sýnileg gestum og gangandi víðsvegar um bæinn, á Eiðistorgi, Bókasafni Seltjarnarness, kaffihúsinu Örnun, í sundlauginni og vallahúsinu við fótboltavöllinn. Hópur leikskólakarna heimsótti Hitaveitu Seltjarnarness og ýmislegt fleira var til gamans gert.

Fimm skiluðu tillögum um Lækningaminjasafnið



Frestur til að skila inn tillögum um Lækningaminjasafninu og hugmyndum að uppbyggingu á starfsemi í húsinu rann út þann 31. janúar sl.

Fimm aðilar/hópar skiluðu inn

tillögum sem verða skoðaðar nánar samkvæmt formlegu ferli innan Seltjarnarnesbæjar. Það mun því skýrast betur þegar búið verður að rýna hugmyndirnar vandlega hvort einhver þeirra verður þróuð áfram.

Umhverfisgæslan á rafmagnsbílum



Seltjarnarnesbær hefur tekið tvo rafmagnsbíla í notkun. Bílarnir eru af Nissan gerð og mjög umhverfisvænir. Þeir aka um án hávaða eða að gefa frá sér umhverfisskaðandi brennsluúrgang. Þeir verða notaðir fyrir umhverfisgæsluna á Seltjarnarnesi og koma Seltirningar til með að sjá þá framvegis á götunum á Nesinu. Á myndinni hafa tveir starfsmenn Seltjarnarnesbæjar stillt sér upp við bílana með Gróttu í baksýn.

coral[®] Dyra og hreinsimottur
Stoppar 90% óhreininda

forbo
FLOORING SYSTEMS

KJARAN
SIDUMÚLA 14 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 510 5510





Margt um manninn á degi tónlistarskólanna

Dagur Tónlistarskólanna var haldinn hátíðlegur í Tónlistarskóla Seltjarnarnes nú á dögunum. Margt var um manninn og mikil stemning enda fjölda tónlistartriða í tveim sölum sem stóð frá kl. 14:00 til 16:00.

Bæði einstaklingar og hópar tróðu upp með lög út ýmsum áttum, einnig stóð foreldrafélag skólalúðrasveitarinnar fyrir kaffisölu til fjáröflunar fyrir sveitina sem setti svona kaffihúsa stemningu á samkomuna sem tókst vel í alla staði.

Nesfréttir www.borgarblod.is

Nearly Invisible
Ný lína frá
Vanity Fair

Kynningartilboð
15% afsláttur
til 23. feb.

Ynja
 UNDIRFATAVERSLUN

Glæsibær - Álftheimar 74
 S. 544 4088 - www.ynja.is

Hvernig væri að byrja sölufერიlið
 á FRÍU söluverðmati?

www.frittsoluverdmat.is



LANDMARK
 FASTEIGNAMIÐLUN

ANDRI SIGURÐSSON
 Löggiltur fasteignasali
 sími 690 3111

FERSKUR FISKUR DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA
 VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100
 Símar 562-1070, 896-4243
 Opíð virka daga kl. 10 - 18:30



Viðtal við Óla Björn Kárason alþingismann

Forréttindi að búa á Seltjarnarnesi

“Ég er landsbyggðarmaður þótt ég hafi búið hér syðra með útdúringu í Bandaríkjunum síðan að ég lauk stúdentsprófi á Akureyri. Við hjónin byrjuðum búskapinn í bakhúsi við Freyjugötu en réðumst síðan í að kaupa litla gamla íbúð við Bjargarstíg í Þingholtunum þar sem við bjuggum í nokkur ár eða þangað til að við fluttum til Boston. Eftir heimkomuna þaðan fórum við aðeins vestar og bjuggum á Rekagrandanum í gulu húsunum sem kennd hafa verið við Byggung þangað til að við fluttum í Tjarnarmýrina á Seltjarnarnesi 1994.” Sá sem þetta mælir er Óli Björn Kárason alþingismaður en hann er fæddur og uppalinn á Sauðárkróki. Foreldrar hans voru Kári Jónsson stöðvarstjóri Pósts og síma og Eva Snæbjarnardóttir sem var skólastjóri Tónlistarskólans á Sauðárkróki og eru þau bæði látin. En Skagafjörðurinn dugði Óla Birni ekki því hann tengdist einnig eyfirkri fjölskyldu. Eiginkona hans er Margrét Sveinsdóttir framkvæmdastjóri eignastýringar Arion banka en foreldrar hennar eru Sveinn Jónsson bóndi og athafnamaður á Kálfskinni og Ása Marinósdóttir ljósmóðir.

Þá vaknar spurningin hvort gamli landsbyggðamaðurinn hafi verið að sækjast eftir sveitasælu á Seltjarnarnesi. Óli Björn neitar því og segir að um tilviljun hafi verið að ræða. “Þannig var að ég fer mikið út á land og hef af þeim sökum alltaf þurft að hafa sæmilega traustan bíl. Þannig var að Bjarki Harðarson í Bílson sá um bíla fyrir okkur og einhverju sinni þegar ég átti leið til hans á verkstæðið fór hann að segja mér frá ófráganginni íbúð sem væri til sölu í enda húsalengju þar sem hann býr. Hann fór að hvetja mig til þess að kaupa og koma á Nesið og þar sem við þurftum að fara að huga að stærra húsnæði vegna fjölskyldunnar fórum við út eftir til þess að skoða. Þetta endaði með að við festum kaup á endaíbúðinni og vorum flutt þangað eftir nokkrar vikur. Því má segja að Bjarki beri nokkra ábyrgð á búsetu okkar á Seltjarnarnesi.” Óli Björn segir þetta ákvörðum sem þau hafi aldrei



Óli Björn Kárason alþingismaður.

séð eftir. “Yngri krakkarnir okkar hafa alist upp á Seltjarnarnesi og eru ekkert annað en Seltirningar. Þótt þau séu komin á fullorðinsár eru þau áfram á Nesinu nema elsta dóttir okkar sem býr erlendis – í Boston. Hún lærði viðskiptafræði og verkefnastjórnun. Tók masterspróf og hefur verið að vinna ytra. Ég á von á því að þegar hún flytur heim þá muni hún einnig setjast að á Seltjarnarnesi.”

Lítið samfélag styrkir vinaböndin

Óli Björn segir magnað að sjá hvað mikil vinátta haldist með krökkum sem hafa alist upp á

Nesinu. Oft losni um vinabönd þegar krakkar eldast og fullorðnast en það gerist mun síður hér. “Ég held að þetta stafi af því hversu samfélagið er lítið. Einn leikskóli og einn grunnskóli, ein félagsmiðstöð, einn tónlistarskóli og eitt íþróttafélag. Það er allt á sömu þúfunni. Krakkarnir kynnast á unga aldri og halda mikið saman. Þetta er nokkuð einstakt samfélag svo skammt frá miðborg Reykjavíkur. Við Margrét erum bæði sveitafólk í okkur og því hentar þessi samfélagsgærdi okkur vel. Allar boðleiðir eru stuttar enda byggt á hugmyndafræði Sigurgeirs Sigurðssonar sem var bæjarstjóri hér í áráraðir. Hann byggði þetta upp. Var sveitamaður í sér enda

Skagfirðingur. Fyrst við erum farnir að tala um Sigurgeir finnst mér ánægjulegt að geta þess hversu mikill ráðdeildarmaður hann var. Hann hugsaði um fjármuni bæjarbúa með einstökum hætti og reyndi eftir megni að nýta þá þar sem þeir áttu að nýttast. Eitt lítið dæmi um ráðdeild hans var þegar verið var að byggja smábátahöfnina. Þá þurfti að byggja upp landfyllingu og Sigurgeir bauð verktökum sem þurftu að losa sig við efni að koma með það á Nesið og losa sér að kostnaðarlausu. Með því sparaði hann bæjarfélaginu fé við að flytja efni í landfyllingar og einnig verktökunum því þá þurftu þeir ekki að fara langar vegalengdir með tilheyrandi kostnaði með efni. Mér finnst þessi hugsunarháttur vera á undanhaldi og við alþingismenn mættum ýmislegt læra af honum.”

Fólk velur barnvæn samfélag

Oft er rætt um að grundvöll að sérstöðu Seltjarnarness megi rekja til þess hversu fámennnt samfélagið er. Óli Björn telur að takmarkaður íbúafjöldi eigi sinn þátt í því. “Ég sé enga ástæðu til þess að fjölga fólki mikið. Það er heldur ekki svo auðvelt þar sem stærsti hlutinn af byggingarlandi er þegar nýttur. Það eru enn tækifæri til þess að byggja í Bygggördum eins og áformað er en þá er plássíð líka nánast upp urið. Það er líka annað sem vinnst með lægri íbúatölu. Hér er minni umferð og ef ætti að fjölga íbúum verulega myndi það þýða aukna bílaumferð sem er ekkert eftirsóknarverð. Vera má að íbúðir séu eitthvað dýrari á Nesinu en annars staðar. Þetta er þó breytilegt. Þetta er samfélag sem fólk hefur valið sér til búsetu ekki síst vegna þess hversu banvænt það er.”

Eftirtektarverður árangur í tónlistarskólanum

Skólarnir á Seltjarnarnesi berast í tal og Óli Björn telur Tónlistarskólann einstakan. “Mér er málið kannski skylt enda nánast alinn upp í tónlistarskóla því móðir mín var skólastjóri tónlistarskólans á Sauðárkróki. Ég fór þó ekki þá leið. Lærði aðeins á flutu og píanó. Ég hef líklega ekki haft nægilega

hæfileika í þá átt eða áhugann vantað. Ég hef lítið fengist við að spila – aðeins fyrir sjálfan mig en það er ekki orð gerandi á því. Mín börn hefa heldur ekki fari í tónlistina. Áhugi þeirra hefur legið annars staðar en það er mjög gaman að sjá þann mikla árangur sem er að nást í tónlistarskólanum.

Féll fyrir blaðamennsku

“Þótt ég fengi pólitík í vöggugjöf þá ætlaði ég aldrei að fara þá leið,” heldur Óli Björn áfram. “Ég er fæddur í bakaríinu á Sauðárkróki í bókstaflegi merkingu. Það var alltaf talað mikið um pólitík í uppveiti mínum og Guðjón Sigurðsson fósturafi minn var eldheitur sjálfstæðismaður. Oft var talað um Bakarísihaldið á Króknum en Króksarar skiptust dálítið á milli Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar. Ég hafði strax mikinn áhuga á blaðamennsku. Féll fyrir henni og hún hófst heima á Sauðárkróki þar sem gaf út blað sem hét Krókstíðindi í félagi við annan mann. Á árunum í Menntaskólanum á Akureyri gaf ég líka út blað. Það hét Laufblaðið sem var mótvægi við annað blað sem þarna var gefið út. Eftir að ég kom suður fór ég að vinna hjá Morgunblaðinu. Var í fóstri hjá Matthíasi og Styrmi og vann einnig náðið með Birni Bjarnasyni og Birni Vigni Sigurpálssyni sem var að mínum dómi afburða maður í blaðamennsku. Ég lærði mikið af honum. Meðal annars þegar hann var að koma Viðskiptablaði Morgunblaðsins á fót. Undir hans leiðsögn fékk ég stöðugt meiri áhuga á að fjalla um viðskipti og efnahagsmál sem endaði með því að haustið 1988 hélt ég til Boston

til náms. Ég var jafnframt því fréttaritari Morgunblaðsins þann tíma sem ég dvaldi ytra. Ég fór aftur á Moggann þegar ég kom heim en bauðst síðan framkvæmdastjórarstarf við Almenna bókafélagið sem átti í erfiðleikum. Þar þurfti að skera mikið upp en þá voru nýir eigendur að koma að félaginu. Árið 1994 sama ár og ég flutti á Seltjarnarnes fékk ég nokkra ágæta menn til að leggja í púkk og við stofnuðum Viðskiptablaðið. Það tók nokkur ár að koma því fyrir vind og ég var meira og minna viðloðandi blaðamenskuna allt þar til ég hóf beina þátttöku í pólitík. Ég var um tíma hjá DV og síðan aftur hjá Viðskiptablaðinu sem ég var þá búinn að eignast að fullu. Ég seldi það síðan 2007 og var sjálfstætt starfandi fram til 2009 að ég fór að gefa mig að stjórnmalum. Frá þeim tíma hef ég tengst þeim meira og minna þótt ég ætlaði mér ekki að feta þá leið.”

Lifið er ekki bara pólitík

En hefur stjórnmalamaðurinn önnur áhugamál. Óli Björn er skjótur til svars. “Lifið er ekki bara pólitík og við fjölskyldan eignum okkur ýmis áhugamál. Ég var alin upp við stangaveiði. Veiðiskapurinn er því miður aðeins of dýr fyrir venjulega Íslendinga. Ég reyni að komast í silungsvæði þegar ég get og svo kemst maður ekki hjá því að taka þátt í ýmsum skemmtilegum áhugamálum þegar maður er tengdur fjölskyldu Sveins Jónssonar á Kálfskinni. Sveinn er ótrúlegur maður. Framkvæmdamaður en á sér einnig fjölda áhugamála. Ég á margar ferðir að baki bæði á snjósleðum og skíðum með þeim feðgum Sveini og

sonum hans og einnig skíðaferðum. Ég á einnig ótrúlegar ferðir með Sveini og mágum mínum um hálendið þar sem við höfum farið um og gist í fjallaskálum. Það eru forréttindi að njóta ferða þeirra og félagskappar þegar tími gefst til.”

Forréttindi að búa á Seltjarnarnesi

En að lokum. Sveinn er Framsóknarmaður. Hefur hann aldrei reynt að kristna þig í

pólitíkinni. “Við ræðum oft um pólitík en Sveinn er fyrst og fremst maður einkaframstaks eins og sést af ævistarfi hans. Hugurinn sívirkur og maðurinn sístarfandi alveg fram á síðustu ár. Við eigum því ágæta samleið þótt hann sé framsóknarmaður. Maðurinn mótast af viðfangsefnunum. Hvort sem það er ég, Sveinn tengdafaðir minn eða aðrir. Maður sér þetta líka hér á Nesinu. Maður er bara glaður á góðri stund og ég tel forréttindi að búa á Seltjarnarnesi.”

Lífæra verslun og kaffihús í 101

Allt úr besta hráefninu



Viridian - framúrskarandi vítamín og bætiefni



Kristalsvatnsflöskur & kristallar



VINSÆLI JÓGA SAMFESTIGURINN



BLÁR DRYKKUR Á BODEFNABARNUM GEGN BLÚS



FLOTHETTAN



Möntrubönd í úrvali



Þar sem andinn býr í efninu



SLÖKUN Í BORG
Hugleiðsla á mið kl. 9.15 m/ Ernu Bergmann. Ókeypis fyrir alla.

Lærðu um leið og þú ferðast!

Ertu fædd/ur 2003, 2002 eða 2001?

Þá getur þú sótt um að fara í skiptinám með mundo í Bandaríkjunum, Þýskalandi, Frakklandi og Spáni. Mundo veitir 3 styrki til skiptináms.

Pantaðu viðtal hjá mundo@mundo.is

Nánari upplýsingar hjá: margret@mundo.is

MUNDO
www.mundo.is



Afgreiðslutími:
Mán: 9.30-16
Þri-fös: 9.30-18
Lau 11-16

ÓÐINSGÖTU 1, REYKJAVÍK
systrasamlagid.is
@systrasamlagid
Sími: 511 6367

KJÖR Á ÍPRÓTTAMANNI OG KONU SELTJARNARNESS 2018

Lovísa og Sigvaldi kjörin

Kjör íþróttamanns- og konu Seltjarnarness fór fram fimmtudaginn 31. janúar að viðstöddu fjölmenni í Félagsheimili Seltjarnarness.

Kjörið fór nú fram í 26. skiptið en það var fyrst haldið 1993. Kjórið er í umsjón íþrótt- og tómstundaneftndar Seltjarnarness, sem vill með kjörinu vekja athygli á gildi íþróttar, öflugu íþróttastarfi á Seltjarnarnesi

og verðlauna sérstaklega afreksíþróttamenn úr hópi bæjarbúa.

Jafnframt voru veitt verðlaun til landsliðsfólks, ungs og efnilegs íþróttafólks auk þess sem Íslandsmeistarar voru sérstaklega verðlaunaðir. Bærinn úthlutaði einnig úr Afreksmannasjóði Seltjarnarness.



Lovísa Thompson.

Íþróttakona Seltjarnarness 2018 er Lovísa Thompson

Lovísa Thompson er uppalin Gróttukona en spilar í dag handknattleik með Val. Lovísa verður tvítug á þessu ári, uppalin í Gróttu og byrjaði að spila handknattleik 9 ára. Hún hefur lagt mikla rækt við æfingar og hefur í gegnum tíðina æft meira en venjubundnar æfingar. Lovísa varð Íslandsmeistari með mfl Gróttu 2015 og 2016 og einnig bikarmeistari 2015. Lovísa var valin efnilegasti leikmaður Olís deildarinnar tímabilin 2015 og

2016 og í sumar var hún á lista yfir 20 framtíðarstjórnur IHF eftir frábært HM með 20 ára landsliði Íslands. Á því móti var Lovísa yfirburðamanneskja í landsliði Íslands. Lovísa stefnir hátt og dreymir um atvinnumennsku en hún spilar með Val í Olís deildinni og stúderar sálfræði í Háskóla Íslands. Lovísa æfir 8-10 sinnum í viku og er mikil fyrirmynd fyrir yngri iðkendur, hress og kát með frábært viðmót og alltaf til að koma og aðstoða yngri flokka ef til hennar er leitað.

Íþróttamaður Seltjarnarness 2018 er Sigvaldi Eggertsson

Sigvaldi Eggertsson er 18 ára og hefur æft körfubolta frá því hann var 5 ára gamall. Hann hefur lengst af æft með KR. Þegar Sigvaldi var 15 ára bauðst honum að æfa og spila með spænska liðinu Mieres BMV2012. Þar spilaði hann ½ vetur en kom svo til Íslands og spilaði með ÍR. Hann hefur svo spilað með KR síðan þá. Sigvaldi og liðsfélagar hans hafa unnið fjölmarga Íslands- og bikarmeistararitla og eitt árið varð Sigvaldi bikarmeistari með drengjaflokki, unglingsflokki og meistaraflokki. Sigvaldi hefur verið í öllum yngri landsliðum og spilað þar stórt hlutverk. Á mótum með landsliðum hefur hann nokkrum sinnum verið valinn í lið mótsins. Hann var nýlega valinn í æfingahóp U20 ára landsliðs Íslands. Á síðasta tímabili var Sigvaldi á venslasamningi frá KR og spilaði með Fjölni í 1. deild. Að deildarkeppninni lokinni var hann valinn í lið ársins og valinn besti ungi leikmaðurinn. Nú æfir Sigvaldi með spænska úrvalsdeildarliðinu Obradoiro CAB (Monbus Obradoiro) sem spilar í efstu deild (ACB deildinni) á Spáni, sem af mörgum er talin



Sigvaldi Eggertsson.

besta deild Evrópu. Sigvaldi spilar með B-liði félagsins. Sigvaldi er mjög metnaðarfullur íþróttamaður sem lengi hefur stefnt að því að verða í fremstu röð í sinni íþróttgrein. Hann hugsar mjög vel um líkama og sál og er góð fyrirmynd fyrir yngri iðkendur.



Landsliðsfólk.



Ungt og efnilegt íþróttafólk.



Matthildur Óskarsdóttir hlaut afreksmannastyrk 2018.

Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis

Bílasmiðurinn hf. Bildshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmiðurinn.is - bilasmiðurinn@bilasmiðurinn.is

Webasto
Feel the Drive



Hafa skal það sem sannara reynist, Guðmundur Ari

Í síðustu Nesfréttum lýsir bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar, Guðmundur Ari Sigurjónsson samdrætti í þjónustu bæjarins. Á Guðmundi Ara er að skilja að bæjarbúar séu bæði skattþindir og fá lélega þjónustu. Ekkert fjarri sanni.

85 prósent íbúa Seltjarnarness eru ánægðir með þjónustu sveitarfélagsins samkvæmt árlegri könnun Gallup. Seltjarnarnesbær er oftast í efsta sæti stærstu bæjarfélaga landsins í mælingu Gallup á ánægju íbúa sveitarfélaga. Seltjarnarnes býður íbúum sínum upp á lægstu útsvarsprósentu sem þekktist í landinu, 13,66%, lægstu fasteignagjöldin og hæstu tómstundastyrki fyrir börn og unglinga, kr. 50.000.

En, sem sagt, Guðmundur Ari er ekki ánægður og ber út bæjarfélagið með grein í jólaútgáfu Nesfréttu. Hann kvartar undan því

að gjaldskrárhækkanir fylgja neysluvísitölu. Í stað þess að leggja til samdrátt á þjónustu bæjarins við íbúana eða skattahækkanir, því aðeins er um þær leiðir að ræða, vilja Guðmundur Ari og Samfylkingin, stofna til nýrra útgjalda. Tillögur hans að færa fjármagn frá sérþýli fyrir fatlaða yfir í innréttingarkaup er ekki vel ígrunduð tillaga.

Guðmundur Ari gerir fundi bæjarstjórnar að umtalfsni. Samfylkingin, já, Guðmundur Ari og félagar, hafa aldrei eins oft kallað inn varamenn fyrir kjörna bæjarfulltrúa og á liðnu kjörtímabili 2014-2018. Tekið skal fram að bæjarfulltrúar



Ásgerður Halldórsdóttir.

halda fullum launum óháð mætingu á bæjarstjórnarfundum, en ef varamaður er boðaður inn þarf að greiða varamanni sérstaklega fyrir hvern fund. Á síðasta kjörtímabili kallaði Samfylkingin inn varamann alls 31 skipti. Skoða þarf hvort ekki sé réttar að lækka bæjarfulltrúalaunin og greiða síðan fyrir mætingu á bæjarstjórnarfundum. Gert er grín af afrekaskrá meirihlutans í grein Guðmundar Ara, þar sem spurt var hvort fækka ætti fundum niður í einn í hverjum mánuði, á sama tíma og Samfylkingin boðaði í 31 skipti inn varamenn.

Og talandi um laun bæjarfulltrúa. Þau hækkuðu tvisvar á síðasta ári, Guðmundur Ari nefndir það ekki, hann samþykkti þá tillögu í bæjarstjórn og launin myndu fylgja breytingu á launavísitölu. Guðmundur Ari fullyrðir að laun bæjarstjóra hafi verið hækkuð, hér

er um ósannindi að ræða, að laun bæjarstjóra hafi ekki hækkað á liðnu ári. Guðmundur Ari veit betur, þau hækkuðu ekki, ráðningasamningur bæjarstjóra var lagður fram á bæjarstjórnarfundum á liðnu sumri, samt heldur hann því fram.

Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri.

PC og Apple tölvuviðgerðir

Fullkomið tölvuverkstæði og margra ára reynsla og þekking fagmanna

 TÖLVULAND

Skeljagrandi 1 · 107 Reykjavík
Sími 899 3417 · www.tolvuland.is

FALLEGIR LEGSTEINAR



Opíð: 10-17
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

MotorMax Smurþjónusta

Opnunartímar

Virka daga 07:45 til 18:00

Laugardaga 12:00 til 16:00

Engar tímapantanir!

Motormax ehf
Vatnagördum 12
Sími: 545 4040

Við smyrjum alla bíla með hágæða **MOTUL** olíum.

NÝJUNG



Kröftug & nærandi blanda



Fæst í öllum apótekum, heilsuvörverslunum, Hagkaupum og Netto

 ICEHERBS
NATURA ISLANDICA

Húsfélagþjónusta
Eignaumsjón leiðandi í 17 ár

- ✓ Bókhald og fjármál
- ✓ Húsfélagafundir
- ✓ Mínar síður
- ✓ Húsbók þjónustusaga húss
- ✓ Auk annarrar þjónustu



• EIGNAumsjón www.eignaumsjon.is

BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Sverrir Einarsson



Margrét Á. Guðjónsd.



Kristín Ingólfssdóttir



Hannes Ó. Sampsted

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



**FLYTJUM BÍLA OG VÉLAR UM ALLT LAND
OG TÖKUM BÍLA Í FÖRGUN - S: 840 9595**



Á bærinn að gera það? Á ríkið að gera það?

Í síðustu Nesfréttum skrifar bærjarfulltrúi Samfylkingarinnar, Sigurþóra Bergsdóttir, að bærjarfélagið eigi ekki að reyna að komast undan ábyrgð og færa kostnað við þjónustu til annarra. Hún talar um þaulsætinn meirihluta en horfir framhjá því að Sjálfstæðisflokkurinn stýrir bærjarfélaginu í umboði kjósenda. Það hefur ætíð verið stefna meirihlutans að skýrt sé á hverju bærinn beri ábyrgð og hvað sé á könnu ríkis eða sveitarfélaga í kringum okkur. Þannig gæta bærjarfulltrúar hagsmuna bæjarbúa best.



Ásgerður
Halldórsdóttir.

Nauðsynlegt er að leiðrétta nokkrar staðreyndavillur í máli Sigurþóru:

1. Við ýttum frá okkur ábyrgð á því að endursemjá við ríkið um nýja hjúkrunarheimilið

Rétt er að samningur var gerður við Seltjarnarnesbæ sem tók gildi 18. júní 2014. Þar kom skýrt fram hver væri ábyrgð bæjarins. Ekki þurfti að endursemjá um eitt né neitt í þeim samningi. Fyrir liggur að búið er að vígja nýtt heimili sem fékk nafnið „Seltjörn“. Kominn er rekstraraðili sem heilbrigðisráðuneytið hefur samið við um að reka heimilið. Þessu samstarfi bæjarins og heilbrigðisráðherra ber að fagna. Fram kom í ræðu Svandísar Svavarsdóttur við vígslu heimilisins að ráðherra hefur samþykkt fjölgun á dagdvalarrýmum úr 9 í 25 frá og með 1. janúar 2020.

2. Sigurþóra segir að við höfum ekki tekið ábyrgð á því að klára málefni Lækningaminjasafnsins.

Rétt er að allt frá hrúni árið 2009 hefur Seltjarnarnesbær, í fullu samráði við minnihlutann hverju sinni, rætt við stjórnvöld um að finna þessu glæsilega húsi nýtt hlutverk. Rætt hefur verið við fimm menntamálaráðherra og fyrir liggur erindi hjá ráðuneytinu til núverandi menntamálaráðherra Lilju Alfreðsdóttur, þar sem óskað er eftir að málið verði skoðað af hennar hálfu.

3. Sigurþóra talar um að Reykjavíkurborg borgi fyrir stækkun á fimleikasal Gróttu út af málefnum Lækningaminjasafnsins.

Mér er alveg óskiljanlegt hvað þessi fullyrðing Sigurþóru á að þýða, hvað hún er að gefa í skyn. Hún ætti að vita betur. Mikil og góð samvinna hefur verið við meirihlutann í borgarstjórn Reykjavíkur, og þá sérstaklega borgarstjóra, varðandi samstarf um bættu aðstöðu fyrir fimleika þar sem allir vita að um 90% iðkenda eru stúlkur. Að þessu góða samstarfsverkefni koma Seltjarnarnesbær, Reykjavíkurborg, Íþróttafélagið Gróttu og Knattspyrnufélag Reykjavíkur. Sjá frétt á heimasíðu Reykjavíkurborgar 14.12.2016 og heimasíðu bæjarins.

4. Sigurþóra ræðir einnig málefni Bjargs og talar um að bærjarstjóri setji málið í lagafлакju og segir að Velferðarráðuneytið hafi kært bæinn til Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins.

Hið rétta er að Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu hefur borist erindi frá Heilbrigðisráðuneytinu. Þar er ekki um kærú að ræða og er mikill munur þar á. Bærjarfulltrúar ættu að kunna skil á þeim greinarmun. Þetta mál á sér langa sögu. Hún hófst með því að árið 1968 var gerður samningur á milli Hjalpræðishersins og Kleppsspítala um rekstur Bjargs fyrir sjúklinga af spítalanum. Árið 1996 tók Heilbrigðisráðuneytið að sér að greiða rekstrarkostnaðinn til Hjalpræðishersins og var gerður um það sérstakur samningur. Nú er þetta mál í skoðun hjá ráðuneytinu. Sigurþóra talar um að Samfylkingin vilji fara einföldu leiðina. Það er gott og vel en hún má ekki verða einfaldningsleg. Í svona máli þarf að sýna aðgát og skoða hver ber ábyrgð á Geðdeild Landspítalans (Kleppspítalans) sem á sínum tíma gerði samning við Hjalpræðisherinn.

Ásgerður Halldórsdóttir bærjarstjóri.



GRAENN BOSCH

fyrir heimilið



ÍSLENSKA
ÁNÆGJUVOGIN

**Ánægðustu viðskiptavinirnir
2. árið í röð!**

*Skv. könnun Íslensku ánægjuvogarinnar 2017 og 2018 á ánægju viðskiptavina á byggingavörumarkaði.

**Takk
fyrir!**

OPIÐ

VIRKA DAGA 8-18:30
LAUGARDAGA 10-18
SUNNUDAGA 11-17
WWW.BYKO.IS



**BYKO
GRANDI**
KOMDU Í HEIMSÓKN!



Pétur aðstoðarþjálfari meistaraflokks kvenna

Pétur Rögnvaldsson hefur verið ráðinn sem aðstoðarþjálfari meistaraflokks kvenna í knattspyrnu hjá Gróttu og kemur því inn í þjálfarateymið með Magnúsi Erni Helgasyni og Þór Sigurðssyni styrktarþjálfara.

Pétur hefur þjálfað hjá knattspyrnudeildinni frá árinu 2015 og er nú þjálfari 3. flokks kvenna hjá Gróttu/KR. Hann mun sinna því starfi áfram meðfram meistaraflokksþjálfuninni. Pétur er að klára UEFA-B þjálfaraágráðu og útskrifaðist með gráðu í rekstrarverkfræði frá Háskólanum í Reykjavík 2. febrúar s.l.

Magnús Örn þjálfari hafði þetta um málið að segja: „Það er mjög ánægjulegt að fá Pétur inn í þjálfarateymið. Hann er að mínu áliti mjög frambærilegur þjálfari og tel ég að við munum bæta hvorn annan upp í starfinu. Pétur er mikill Gróttumaður og hefur ástríðu fyrir verkefninu.“



Pétur Rögnvaldsson ásamt Magnúsi Erni Helgasyni þjálfara.

Sigurvegarar B-deildar Fótbolta.net mótsins!



Meistaraflokkur karla sigruðu B-deild Fótbolta.netmótsins annað árið í röð. Strákarnir hnepptu titilinn eftir 2-0 sigur á Njarðvík á Vivaldivellinum þann 7. febrúar.

Pétur Theódór Árnason kom Gróttu yfir á 40. mínútu eftir frábæra sókn sem að hófst hjá markverði Gróttu. Fleiri urðu mörkin ekki í fyrri hálfleik og því voru það Gróttumenn sem að leiddu í hálfleik. Gróttu fékk vítaspyrnu á 71. mínútu þegar brotið var á Kristófer Orra innan vítateigs. Pétur Theódór fór á punktinn og skoraði sitt annað mark í leiknum og tryggði Gróttu sigurinn, 2-0. Fyrr í riðlinum hafði Gróttu sigrað Kára 3-2 og Selfoss 7-0, en tapað fyrir Haukum 1-0. Drengirnir hefja leik í Lengjubikarnum í febrúar og hvetjum við alla bæjarbúa til að láta sjá sig á vellinum!

Sjö krakkar úr Gróttu valin í úrtakshópa

Landliðsþjálfarar U16 karla, U16 kvenna, U17 kvenna og U18 karla völdu hóp fyrir úrtaksæfingar í lok janúar og byrjun febrúar. Í hópnum voru alls sjö Gróttukrakkar sem er mjög ánægjulegt.

Ragnar Björn Bragason, leikmaður 3. flokks, var valinn í úrtakshóp U15, þær Margrét Rán Rúnarsdóttir og Tinna Brá Magnúsdóttir, leikmenn 3. flokks, voru valdar í úrtakshóp U16 og Hákon Rafn Valdimarsson, leikmaður meistaraflokks, var valinn í úrtakshóp U18. Tinna Brá var síðan aftur valin, en í þetta sinn á úrtaksæfingar U17, en hún verður 15 ára í sumar. Þeir Grímur Ingi Jakobsson, Kjartan Kári Halldórsson og Orri Steinn Óskarsson voru síðan valdir í úrtakshóp U16. Æfingarnar fóru fram 25. til 27. janúar, 1. til 3. febrúar og 8. til 10. febrúar og voru krakkarnir félaginu til sóma. Knattspyrnudeild Gróttu er hrikalega stolt af þessum árangri og óskar krökkunum innilega til hamingju.



Mikilvægur sigur

Meistaraflokkur karla í handbolta vann á dögnum 4 marka sigur á KA á heimavelli, 29-25. Sigurinn var langþráður en Gróttu-liðið ekki unnið síðan í 7.umferð.

Gróttu byrjaði leikinn betur og leiddi eftir fyrsta korterið en KA-menn voru aldrei langt á eftir og skiptust liðin að hafa 1-2 marka forskot í fyrri hálfleik. Gróttu-menn gáfu þó í við lok fyrri hálfleiks og leiddu að honum loknum, 14-11.

Fóturinn fór ekkert af bensíngjöfinni hjá Gróttu-liðinu í byrjun síðari hálfleiks og náðu þeir fljótt 6 marka forskoti, 20-14. KA-menn sögðu þá hingað og ekki lengra og sóttu hart að forskoti Gróttu og minnkuðu muninn í 3 mörk, 21-18.

En á síðustu 10 mínútum leiksins fann Gróttu-liðið sinn leik aftur og skoruðu þeir 4 mörk á þrem mínútum og náðu aftur 6 marka forskoti og eftir það var sigurinn aldrei í hættu og hrósuðu okkar menn sigri, 29-25.

Langþráður og gríðarlega mikilvægur sigur sem lyftir Gróttuupp úr botnsæti deildarinnar. Næsti leikur liðsins er gegn Haukum á útivelli sunnudaginn 24. febrúar kl 19:30.



Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opnunartímar:

Mánud. Þriðjud. og miðvikud.
13:00-14:30

Fimmtudaga
13:00-14:30 og 17:00-19:30

Föstudaga
13:00-14:30

Laugardaga og sunnudaga
13:00-17:00

Skólar og sérhópar:

Mánudag til föstudags 10:00 til 15:00.

GETRAUNANÚMER

GRÓTTU ER

170

UMHVERFISHORNID



Ljósastarahús við Urð í Suðurnesi friðlýst

Mennta- og menningarmálaráðherra ákvað að tillögu Minjastofnunar Íslands að friðlýsa Ljósastarahús við Urð, Suðurnesi, Seltjarnarnesi þann 27. nóvember 2018, skv. 3. mgr. 18. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar. Friðlýsingin tekur til hins steinsteypta mannvirkis í heild og hlaðins sökkuls umhverfis það.

Mannvirkið er einstakt á Íslandi og mikilvæg heimild um hernámstímann og umsvif breska setuliðsins hér á landi. Húsið er 26 fm að grunnfleti, steinsteypt ofan á grjóthleðslu. Gólf, veggir og þak eru úr steinsteypu. Það var byggt utan um Ljósastara við upphaf seinni heimstyrjaldar, veturinn 1940-41. Húsið var hannað af Lloyd Benjamin, verkfræðingi breska setuliðsins. Sami höfundur teiknaði gamla flugturninn á Reykjavíkflugvelli, sem friðaður var af ráðherra árið 2011. Ljósastarinn var hluti af varnarbúnaði breska hersins við innsiglinguna að Reykjavík. Ljósastarahúsið tengdist herskálahverfi á Suðurnesi og er eina mannvirkið sem eftir er frá þeim tíma. Húsið er hið eina sinnar tegundar hér á landi en vitað er um svipuð hús í Færeyjum, við Lossie í Skotlandi og í Ástralíu. Ekki hafa fundist nákvæmlega eins hús og því kann húsið við Stóruurð að hafa fágætisgildi á heimsvísu.

Ljósastarahúsið hefur auk þess gildi sem aðgengilegur minjastaður og vinsæll áningastaður á gönguleiðinni um Suðurnes, enda eru form þess, gerð og staðsetning myndræn og fögur. Tæknileg uppbygging þess er merkileg, en löng ending steinsteyppunnar ber vott um vandaða gerð og frágang í upphafi.

Lloyd Benjamin kom til Íslands 1939. Hann vann við verkefni í Hvalfirði, Ljósastarahúsið, Reykjavíkflugvöll og hann teiknaði gamla flugturninn á Reykjavíkflugvelli. Hann fór frá Íslandi 1942. Á Íslandi kynntist hann Sigríði Haraldsdóttur sem var kjördóttir Haraldar Guðmundssonar sem var kaupmaður í reidhjólaverslun í Reykjavík. Lloyd og Sigríður skrifuðust lengi á, en snemma árs 1946 giftust þau í London. Þau eignuðust einn son, Tom Benjamin. Lloyd og Sigríður hvíla nú í Fossvogsgarði.

Umhverfisnefnd Seltjarnarness þakkar öllum sem komu að rannsóknarvinnu vegna Ljósastarahúss. Þá verður fyrst að telja Pétur Ármannsson arkitekt, Ólaf Mathiesen arkitekt, Jóhannes Þórðarson arkitekt, Björn Marteinson dósent við Verkfræði- og náttúruvísindasvið HÍ og Tom Benjamin, en hann sendi okkur minnispunkta sem faðir hans skrifaði um veru sína á Íslandi. Einnig þökkum við Húsafriðunarsjóði fyrir styrki til viðhalds á húsinu svo og Seltjarnarnesbæ sem sá um viðgerðir.

F.h. umhverfisnefndar, Margrét Pálsdóttir.

SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinni er Sigurþóra Bergsdóttir en hún situr í bæjarstjórn Seltjarnarness fyrir Samfylkinguna og var kosin Seltirningur ársins á þorablóti Gróttu á dögunum. Hún stofnaði Samtök um stuðningssetur fyrir ungt fólk í minningu Bergs Snæs sonar síns sem lést í mars 2016. Samtökin vinna að því að opna Bergið – lágþroskuldabjónustu fyrir ungt fólk sem mun vonandi opna nú í mars.

Fullt nafn? Sigurþóra Steinunn Bergsdóttir.

Fæðingard. og ár? 21. mars 1972.

Starf? Bæjarfulltrúi og starfandi stjórnarformaður Bergsins – stuðningsúrræðis fyrir ungt fólk.

Farartæki? Suzuki Grand Vitara.

Helstu kostir? Jákvaðni - lífsgleði.

Eftirlætis matur? Mjög árstíðabundið – á þessum tíma árs er það helst eitthvað hægeldað í kássu – bragðmikið goullas til dæmis. Svo er ég ísfíkill og er ísbúð Vesturbæjar alltaf með vinninginn.

Eftirlætis tónlist? Tónlist frá því að ég var ungingur. Þeir fóru flestir sama árið það er David Bowie, George Michael og Leonard Cohen. Af íslenskum tónlistarmönnum eru það Jónas Sig og Valdimar og svo þykir mér svo vænt um allt sem Sigríður Thorlacius gerir.

Eftirlætis íþróttamaður?

Margrét Rán dóttir mín.

Skemmtilegasta sjónvarpsefnið?

Læknaþættir hafa löngum heillað mig og svo er ég svolítil fíkill í matreiðsluþætti. Great British bakeoff er mitt áhugamál þessa dagana. Uppáhalds fjölskylduþátturinn er Goldbergs.

Besta bók sem þú hefur lesið?

Allt of erfið spurning, hef lesið svo margar góðar bækur. Tvær íslenskar poppa upp í hugann það er 60 kíló af sólskini eftir Hallgrím Helgason sem ég las um jólin og svo Stóri skjálfti eftir Auði Jónsdóttur sem hafði mikil áhrif á mig. Nefni líka Hús andanna eftir Isabel Allende sem ég las á viðkvæmum aldri og elskaði.

Uppáhalds leikari? Liam Neeson var unglingskotið mitt svo ég nefni hann.

Besta kvikmynd sem þú hefur séð?

Besta er svolítið erfitt hugtak, margar stórkostlegar. En mín eilífðaruppáhalds kvikmynd er When Harry met Sally – kann hana utanað.

Hvað gerir þú í fristundum þínum?

Elda, syndi, les, er með fjölskyldunni, hitti skemmtilegt fólk, fer út með hundinn,



fer upp í sumarbústað. Vildi að ég gæti sagt að ég væri á leiðinni í Landvættirnar eins og margir vinir en það verður bara í næsta lífi.

Fallegasti staður sem þú hefur komið á? Ásbyrgi og svo er Gróttan ótrúlega falleg.

Hvað metur þú mest í fari

annarra? Hrein samskipti, að geta sett sig í spor annarra og samkennd.

Hvern vildir þú helst hitta?

Oprah Winfrey – finnst hún mögnuð.

Uppáhalds vefsíða? Facebook.com – allavega sú sem ég er mest á.

Hvað vildir þú helst fá í

afmælisgjöf? Að opna Bergið.

Hvað myndir þú gera ef þú ynnir

10 milljónir í happdrætti? Gefa 10% - borga einhverjar skuldir en geyma smá fyrir góðri utanlandsferð með Rúnari og krökkunum.

Hvað myndir þú gera ef þú værir

bæjarstjóri í einn dag? Ég þarf miklu meira en einn dag fyrir það sem ég myndi vilja gera. Ég myndi vinna átak í félagsmálunum, byggja eitt stykki íbúðakjarna fyrir fólk með fötlun og vinna að samræmingu í vinnu með börn út frá snemmtækri íhlutun. Svo myndi ég vilja klára að gera plön fyrir miðbæðinn okkar, það er Eiðistorg og nágrenn, klára og koma í gagnið ferðamálastefnu og koma hinu fallega Lækningaminjasafni í gagnið fyrir okkur öll. Og svo margt fleira.

Að hverju stefnir þú í framtíðinni?

Að lifa mínu besta lífi, að njóta hvers dags og vera með fjölskyldunni minni. Vonandi mun ég geta látið gott af mér leiða með Berginu og hverju því sem ég tek mér fyrir hendur.

Hvað gerðir þú í sumarfríinu?

Fórum í stórfjölskylduferð til Spánar í byrjun sumars, fór líka til Brussel í langa helgarferð með eiginmanninum. Við ferðumst heimikið innanlands, m.a. forum við í Flatey á Breiðafirði og svo í hringferð um landið. Næsta sumar er ætlunin að taka Vestfirði.



Ólífur & hvíttlaukur



Kaka ársins



Focaccia

Kökuveisla



Hindber

Englaterta

Crème brûlée

Pistasúur



Hjólkorna súrdeigsbraud



Ítölsk braudaveisla



Tomatur

Konudagur að hætti Jóa Fel



BAKARÍ